

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. 5. tölul. orðast svo: húsgagna- og innanhússarkitekta (húsgagna- og innanhússhönnuða) eða hluta þessa starfsheitis.
- b. Orðið „og“ í 7. tölul. fellur brott.
- c. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:  
10. tölvunarfræðinga.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Þeir sem lokið hafa BS-prófi eða meistaraþrófi í tölvunarfræði frá viðurkenndum íslenskum háskóla þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Valgerður Sverrisdóttir.*

## LÖG

### um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2002“ í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum kemur: 31. desember 2004.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

*Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*